

Persónulegar frásagnir fjöltyngdra barna, málnotkun þeirra og umræðuefni, í samanburði við eintyngd börn

Jóhanna Thelma Einarsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í daglega málnotkun fjöltyngdra barna á Íslandi í samanburði við eintyngd börn með því að skoða persónulegar frásagnir þeirra og setja niðurstöðurnar í alþjóðlegt samhengi. Alþjóðlegur rannsóknarhópur hefur þróað aðferð til að laða fram persónulegar frásagnir hjá börnum sem nefnist Global TALES og hefur hún verið notuð í 26 mismunandi löndum. Í þessari rannsókn var aðferðin notuð til að taka viðtöl við 42 íslensk börn á aldrinum 9;3 til 10;9 ára, 27 eintyngd og 15 fjöltyngd. Öll fjöltyngdu börnin höfðu hafið grunnskólanám á Íslandi og þau voru öll fædd á landinu nema eitt. Mörg fjöltyngdu börnin töluðu íslensku og ensku heima hjá sér auk heimamáls eða heimamála foreldranna. Menntunarstig foreldra var hærra í eintyngda hópnum en í þeim fjöltyngda. Niðurstöður sýndu að fjöltyngdu börnin tjáðu sig í marktækt færri segðum/setningum, þau notuðu marktækt færri orð og orðanotkun þeirra var ekki eins fjölbreytileg og hjá eintyngdu börnunum. Enn fremur gerðu þau hlutfallslega mun fleiri málfræðivillur. Í Global TALES-aðferðinni eru notuð sex kveikjuorð (hamingjusamur/spenntur, áhyggjufullur, reiður/pirraður, stoltur, vandræði og mikilvægt) til að laða fram persónulegar frásagnir. Börnin í báðum hópum töluðu um að hamingjustundir fælust í samveru með fjölskyldunni. Báðir hópar nefndu samskipti við vini og systkini í tengslum við atburði sem reittu þau til reiði og þau voru stolt af persónulegum sigrum. Skólinn kom oftar fyrir sem umræðuefni fjöltyngdu barnanna, bæði sem áhyggjuefni og einnig þegar þau töluðu um mikilvæg atriði. Niðurstöðurnar gefa til kynna að fjöltyngd börn sem hafa alist upp á Íslandi þurfi mun markvissari kennslu í íslensku, til að geta auðveldlega deilt með öðrum persónulegum atburðum úr daglegu lífi, en að umræðuefnin séu hliðstæð og hjá eintyngdum jafnöldrum. Jafnframt sýna niðurstöðurnar að hægt er að bera saman málfærni ein- og fjöltyngdra barna með því að nota Global TALES-aðferðina.

Efnisorð: persónulegar frásagnir, fjöltyngi, málþroski, íslenska sem annað mál, grunnskólabörn

Inngangur

Alþjóðlegur rannsóknarhópur þróaði aðferð til að laða fram persónulegar frásagnir barna. Aðferðin fékk nafnið Global TALES (Talking About Lived Experiences in Stories) og sýndu niðurstöður fýsileikarannsóknar að með því að nota þessa aðferð var hægt að fá börn frá mismunandi menningarheimum til að segja persónulegar sögur (Westerveld o.fl., 2023).

Persónulegar frásagnir eru umfangsmikill þáttur í daglegum samskiptum. Fólk skiptist á að segja frá því sem hefur komið fyrir það og deilir með öðrum sögum, atburðum og tilfinningum úr daglegu lífi (Peterson og McCabe, 2013). Persónulegar frásagnir eru mikilvægur þáttur í að skilja eigin tilfinningar og hugsanir og einnig að koma líðan og hugsunum til skila (Bruner, 1990; Peterson og McCabe, 2013; Westby og Culatta, 2016). Málnotkun eða orðaval í frásögnum af persónulegum upplifunum hefur ekki verið rannsakað mikið á Íslandi. Fjöltyngdum börnum hefur fjölgað mikið á síðustu árum og sýna niðurstöður rannsókna að þeim gengur verr en ætla mætti út frá erlendum rannsóknum að tileinka sér íslensku. Með fjöltyngdum börnum er átt við börn af erlendum uppruna, svo sem börn innflytjenda sem tala ekki íslensku heima hjá sér og fyrsta mál foreldra er ekki íslenska. Munur á milli ein- og fjöltyngdra barna er sérstaklega mikill þegar málfærnin er mæld með stöðluðum prófum (Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir, 2013; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016) en minni munur hefur komið fram í samtalsmálsýnum leikskólabarna (Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022) sem og unglunga (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021). Málfar í persónulegum frásögnum byggir eingöngu á töluðu máli (eins og í samtalsmálsýnum) og einkennist af notkun algengra orða og einföldu máli. Stöðluð próf grundvallast frekar á sjaldgæfari orðum og flóknara máli (Freeman og Schroeder, 2022; Gagarina o.fl., 2016; Nippold o.fl., 2005).

Frásagnir af persónulegum atburðum eru mikilvægar í daglegu lífi, bæði til að skilja eigin líðan og til að deila með öðrum reynslu og tilfinningum. Þekking á tungumáli leggur grunninn að því að geta sagt öðrum frá því sem maður hefur upplifað. Fjöltyngd börn á Íslandi eru með fjölbreytt heimamál en alast upp í íslensku málumhverfi þar sem íslenskan er notuð í skólanum og oftast í samskiptum við skólafélaga. Markmið þessarar rannsóknar var að nota Global TALES-aðferðina við að bera saman málnotkun og umræðuefni hjá hópi fjöltyngdra barna á Íslandi við hóp eintyngdra barna.

Fræðilegur bakgrunnur

Stór hluti samskipta okkar í daglegu lífi snýst um að deila með öðrum því sem við höfum upplifað og reynt. Frásagnir okkar beinast að einstökum atburðum eins og ferðalögum eða íþróttaviðburðum en einnig að tilfinningum og persónulegum samskiptum við aðra. Það dýpkar skilning okkar á persónulegum upplifunum að deila þeim með öðrum og með því að orða reynslu okkar náum við að vinna betur úr henni (Bruner, 1990; Westby og Culatta, 2016). Frásagnir byggjast á mállegri færni eins og orðaforða, málfræði og málnotkun, en líka hugrænni færni eins og að skipuleggja og muna. Auk þess reynir á félagsfærni eins og að geta sett sig í spor annarra og að skynja áhuga og viðbrögð hlustandans (Westby og Culatta, 2016). Talið er að meira en helmingur þess sem börn tjá sig við aðra séu persónulegar reynslusögur (Peterson og McCabe, 2013). Hæfni barna til að segja persónulegar sögur er mikilvægur þáttur í að byggja upp félagsleg tengsl og viðhalda vináttu sem hefur svo áhrif á almenna vellíðan (Westby og Culatta, 2016; Westerveld o.fl., 2023). Börn með slaka mállega færni eins og börn með málþroskafrávik eru líklegri til að eiga í félagslegum erfiðleikum vegna takmarkaðrar getu þeirra til að eiga samskipti við aðra. Auk þess er ákveðin hættá á að þau forðist samskipti eða aðstæður sem krefjast flókinnar mállegrar færni, sem verður til þess að þau fá færri tækifæri til félagslegra samskipta og það eykur enn á takmarkaða félagslega færni (Lloyd-Esenkaya o.fl., 2020).

Þó að persónulegar frásagnir séu mikilvægur þáttur í daglegum samskiptum í öllum menningarheimum hafa verið viðhafðar mismunandi aðferðir við að rannsaka þær og því getur verið vandasamt að bera saman niðurstöður rannsókna. Hópur rannsakenda tók því höndum saman og ákvað að þróa samræmda aðferð, Global TALES, við að laða fram persónulegar frásagnir (Westerveld o.fl., e.d.).

Persónulegar frásagnir með Global TALES

Global TALES (Talking About Lived Experiences in Stories) aðferðin var þróuð af rannsóknarhópi félaga í nefnd um máltöku barna (Child Language Committee) á vegum Alþjóðasamtaka um

samskiptavísindi og raskanir (IALP – International Association of Communication Sciences and Disorders). Markmið hópsins var að þróa aðferð til að laða fram persónulegar frásagnir sem væri stöðluð en samt nægilega sveigjanleg þannig að hún hentaði börnum frá ólíkum menningarheimum og sem töluðu mismunandi tungumál.

Byrjað var á að gera fýsileikarannsókn þar sem þátt tóku 10 lönd (Ástralía, Bandaríkin, Brasilía, Grikkland, Ísrael (hebreskur hópur og arabískur hópur), Króatía, Kýpur, Nýja-Sjáland, Rússland og Taívan). Í hverju landi voru valin til þátttöku um 20 börn í kringum 10 ára aldur sem ekki höfðu glímt við námserfiðleika. Þátttakendur voru alls 249. Þessi aldur var valinn því þá standa börn í flestum samfélögum á ákveðnum vendipunkti í námi sínu, þ.e. þau hafa náð tókum á grunnlestrarfærni og eru farin að nota lestur til þess að læra en þekking á tungumálinu leggur grunn að árangursríku lestrarnámi (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016). Enn fremur ráða flest 10 ára börn við að segja sögu með ákveðinni tímalínu og atburðarás (Nippold o.fl., 2005; Westby og Culatta, 2016). Notaðar voru sömu aðferðir í löndunum 10 til að fá börnin til að segja sögur. Lögð voru fyrir þau sex mismunandi kveikjuorð (hamingjusumur/spenntur, áhyggjufullur, reiður/pirraður, stoltur, vandamál eða eitthvað mikilvægt) til að kalla fram sögurnar. Samræmt verklag var viðhaft við afritun og skiptingu í segðir. Í hverju landi var talinn heildarfjöldi segða (HS)¹ hjá hverjum þátttakanda og heildarfjöldi orða, og síðan reiknað meðaltal fyrir hvert land. Niðurstöðurnar sýndu mikinn breytileika á báðum mælieiningunum bæði innan hvers lands og einnig á milli landa. Meðalfjöldi segða var frá 44 segðum (Ísrael, arabískur hópur) til 81 segðar (Kýpur). Meðalfjöldi orða var frá 160 orðum (Bandaríkin) til 622 orða (Ástralía). Hvað varðar umræðuefnin þá var hannað sérstakt flokkunarkerfi út frá þátttakendum í löndunum 10. Umræðuefnin voru upphaflega 106 og eftir samantekt stóð eftir 31 atriði sem flokkunarkerfið byggir á. Svipuð umræðuefni voru vinsæl í löndunum; fjölskylduviðburður var algengasta efnið í sögum um að vera hamingjusumur/spenntur, flestir sögðu sögur af systkinum/samskiptum við jafningja við kveikjuorðið pirraður/reiður og persónulegur árangur var helst nefndur við kveikjuorðið stoltur og eitthvað sem var mikilvægt. Skólaverkefni voru nefnd sem áhyggjuefni og varðandi vandamál sem þurfti að leysa voru nefnd samskipti við jafningja/fjölskyldu (Westerveld o.fl., 2023).

Fleiri lönd eins og Indland (Srivastava o.fl., 2023), Írland (Lyons o.fl., 2023), Ísland (Jóhanna T. Einarsdóttir og Erna Þráinsdóttir, 2023²) og Tyrkland (Mavis og Yaşar-Gündüz, 2023) fylgdu í kjölfar fýsileikarannsóknarinnar (Westerveld o.fl., 2023) og hafa rýnt í persónulegar frásagnir barna með því að nota Global TALES-aðferðina.

Fjöltyngi og íslenskan

Síðustu ár hefur börnum innflytjenda á Íslandi fjölgað mjög hratt. Árið 2000 var hlutfall innflytjenda um 3% en 18,9% árið 2025. Innflytjendum af annarri kynslóð fjölgaði einnig og samanlagt var fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 21% af íbúum landsins árið 2025 (Hagstofa Íslands, 2025). Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að önnur kynslóð eða börn innflytjenda hafi ekki lært íslensku nægilega vel (Elín Þöll Þórðardóttir, 2017, 2021; Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir, 2013; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016). Í nýlegri skýrslu frá OECD var sérstaklega bent á stöðu barna innflytjenda á Íslandi og kallað eftir úrbótum í íslenskunámi þeirra (OECD, 2025). Stefna stjórnvalda hefur verið skýr í þessum málum í meira en áratug en í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 segir: „Miklu skiptir að börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eigi þess kost að bæta íslensku við tungumálaforða sinn og læra íslensku svo vel að þau geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

¹ Segð er þýðing á enska orðinu utterance og er þá átt við það sem sagt er í einu lagi. Við úrvinnslu og afritun málsýna hjá börnum er segð yfirlétt það sama og setning eða setningabrot.

² Gögnin um eintýngdu börnin í þessari rannsókn höfðu áður verið birt í rannsókn Jóhönnu T. Einarsdóttur og Ernu Þráinsdóttur (2023).

Niðurstöður rannsókna benda allar í þá átt að fjöltyngd börn læri íslenskuna ekki nægilega vel og á það bæði við börn á leikskólaaldri og í grunnskóla. Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl. (2022) lögðu málþroskaprófið MELB (Þóra Másdóttir o.fl., 2021) og orðaforðaprófið Ísl-PPVT (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2018; Valgerður Ólafsdóttir, 2011) fyrir 25 tvítýngd börn við lok leikskólagöngu en börnin voru öll fædd á Íslandi og höfðu öll verið 2–3 ár í leikskóla hérlendis. Niðurstöðurnar sýndu að um 80% barnanna voru meira en tveimur staðalfrávikum frá meðalgetu jafnaldra á MELB og á orðaforðaprófinu Ísl-PPVT var næstum allur hópurinn, eða 94%, þremur staðalfrávikum frá meðalgetu jafnaldra.

Hvað varðar grunnskólanemendur eru niðurstöðurnar sambærilegar. Elín Þöll Þórðardóttir (2017) skoðaði íslenskukunnáttu fjöltyngdra skólabarna með sérhönnuðu prófi sem nefnist Milli mála (Elín Þöll Þórðardóttir, 2011b). Prófið byggir á íslensku máli (orðaforða og málfræði) sem notað er í kennslubókum í íslenskum skólum. Þátttakendur voru í þremur mismunandi aldurshópum (1.–3. bekk; 5.–6. bekk og 8.–9. bekk); 104 eintýngd og 162 fjöltyngd börn. Í ljós kom að fjöltyngdu börnin sýndu marktækt slakari færni í íslensku en eintýngdu börnin, bæði í þáttum sem reyndu á orðaforða og einnig í málfræði. Enginn fjöltyngdur þátttakandi var innan eins staðalfráviks frá meðalgetu eintýngdra jafnaldra og meira en helmingur var tveimur staðalfrávikum eða meira frá meðalgetu eintýngdra jafnaldra. Nýleg rannsókn meðal 50 þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk sýndi sömu niðurstöður; að fjöltyngdu börnin sýndu mun slakari færni í íslensku, bæði á málþroskaprófinu Milli mála og einnig á PPVT-orðaforðaprófi (Dunn og Dunn, 1997) en eintýngdir jafnaldrar. Um helmingur fjöltyngdu barnanna sýndi færni í íslensku sem var um tveimur staðalfrávikum frá meðalgetu jafnaldra sem þýðir að um 98% af eintýngdum jafnöldrum voru með betri færni í íslensku. Hins vegar voru báðir hóparnir með sambærilega enskukunnáttu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021). Slök færni fjöltyngdu barnanna í íslensku var því ekki tilkomin vegna erfiðleika við að læra tungumál því þau gátu vel lært ensku. Auður Pálsdóttir o.fl. (2024) athuguðu þetta frekar með því að kanna hvernig 78 fjöltyngdir nemendur í 6.–10. bekk mátu færni sína í íslensku, ensku og móðurmálinu. Í ljós kom að fleiri töldu sig skrifa og tala ensku vel eða mjög vel, frekar en íslensku. Enskan virðist því vera mikilvægur þáttur í daglegu lífi fjöltyngdu barnanna.

Erlendar rannsóknir þar sem lögð hafa verið fyrir stöðluð próf fyrir fjöltyngd börn hafa flestar sýnt marktækan mun á færni þeirra í samfélagsmálinu miðað við eintýngd börn. Munurinn er yfirleitt um eitt staðalfrávik frá meðalgetu jafnaldra, sem er mun minni munur en milli ein- og fjöltyngdra barna á Íslandi (sjá Elín Þöll Þórðardóttir, 2017; Genesee, 2015). Það er mikill misskilningur að ung börn geti fyrirhafnarlaust lært mörg tungumál einungis með því að dvelja í umhverfi þar sem málið er talað. Málið er flóknara en svo, bæði magn og gæði málörvunar eru lykilatriði og svo hafa aðrir þættir áhrif eins og menntun og staða foreldra (Genesee, 2015; Paradis og Jia, 2017). Gera má ráð fyrir að á meðan ung börn dvelja heima hjá sér tileinki þau sér heimamálið en samfélagsmálið þegar þau byrja í leikskóla. Í grunnskóla ná börnin smátt og smátt að byggja upp dýpri þekkingu á tungumálinu, þau kynnast flóknum námsorðaforða og ritmáli. Eftir því sem líður á skólagönguna ná þau þannig smám saman betri tókum á samfélagsmálinu (Demie, 2013; Gathercole og Thomas, 2009; Paradis og Jia, 2017). Í flestum tilfellum verður svo samfélagsmálið sterkara málið með lengri skólagöngu (Proctor o.fl., 2019). Elín Þöll Þórðardóttir (2011a) sýndi fram á að til þess að fimm ára tvítýngd börn í Kanada gætu náð sambærilegum tókum á enskum og frönskum orðaforða málskilnings þyrftu þau að dvelja í um 40–60% af vöku tímanum í hvoru tungumáli fyrir sig en lengri tíma til að ná sambærilegum tókum á orðaforða máltjáningar. Cattani og félagar (2014) komust að svipaðri niðurstöðu um lengd dvalartíma og málareiti fjöltyngdra leikskólabarna til þess að þau næðu sambærilegum tókum á ensku og eintýngdir jafnaldrar. Scheidnes og Tuller (2016) sýndu í langsniðsrannsókn fram á að enskumælandi börn á aldrinum 7–13 ára í Frakklandi lærðu smátt og smátt frönskuna og munurinn milli ein- og tvítýngdra minnkaði eftir því sem þau voru lengur í frönskum skóla. Í nýlegri rannsókn í Kaliforníu í Bandaríkjunum náðu tvítýngd spænskumælandi börn í 1. til 3. bekk marktækt betri tókum á enskunnni eftir því sem þau urðu eldri og enskan varð þeirra sterkara mál (Cabrera Pérez o.fl., 2025). Rannsóknir sýna enn fremur að það tekur fjöltyngd börn sem búa í enskumælandi umhverfi um 5–7 ár að ná sambærilegum tókum á enskri tungu og eintýngdir jafnaldrar (Demie, 2013; Paradis og Jia, 2017).

Íslenskar langsniðsrannsóknir gefa hins vegar til kynna að fjöltyngd börn nái ekki að minnka bilið milli sín og eintyngdra jafnaldra eftir því sem líður á nám þeirra í grunnskóla. Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir (2013) fylgdu eftir 39 fjöltyngdum skólabörnum í þrjú ár og athuguðu færni þeirra í íslensku með því að nota málþroskaprófið TOLD (Ingibjörg Símonardóttir og Einar Guðmundsson, 1996; Ingibjörg Símonardóttir o.fl., 1995) og orðaforðaprófið PPVT. Við fyrstu athugun sýndu um 89% af hópnum færni í íslensku sem var meira en einu staðalfrávikum frá meðalgetu jafnaldra og 74% af hópnum sýndu færni sem var meira en tveimur staðalfrávikum frá meðalgetu jafnaldra. Þó að börnunum færi fram bæði í orðaforða og málfræði meðan á rannsókninni stóð þá náðu fáir þátttakendur að minnka bilið milli sín og eintyngdu jafnaldranna. Sigríður Ólafsdóttir og félagar (2016) komust að sambærilegri niðurstöðu með því að fylgja eftir tveimur aldurshópum í þrjú ár og leggja fyrir þá bæði orðaforða- og lesskilningspróf. Niðurstöður leiddu í ljós að fjöltyngdu börnin höfðu minni orðaforða en samanburðarhópurinn í upphafi og að bilið breikkaði yfir rannsóknartímann.

Þessar athuganir hafa verið gerðar með því að leggja fyrir ein- og fjöltyngdu hópana málþroska- og orðaforðapróf. Slík próf kanna flóknari gerð tungumálsins en tungumál sem er notað í daglegum samræðum og frásögnum. Því heyrir oft að málfræni fjöltyngdra barna sem endurspeglast í samræðum og frásögnum kunni að gefa raunsannari og ekki eins skekka mynd og niðurstöður staðlaðra málþroskaprófa sem eru hönnuð út frá eintyngdri hugsnið og bundin ákveðnu menningarumhverfi (Freeman og Schroeder, 2022; Gagarina o.fl., 2016; Gibson o.fl., 2018). Til dæmis eru málsýni (frásagnir og samtöl) í vaxandi mæli notuð við athuganir á málþroska fjöltyngdra barna samhliða stöðluðum prófum (Gagarina o.fl., 2016; Gibson o.fl., 2018). Í samantekt Ebert (2020) á stöðu þekkingar á að nota málsýni til að bera saman málfræni ein- og fjöltyngdra barna kemur í ljós að niðurstöður rannsókna eru ekki einhlítar; sumar rannsóknir hafa sýnt engan mun á milli hópanna á mælipáttum málsýna eins og meðallengd segða og fjölbreytileika í orðavali á meðan aðrar rannsóknir sýna að fleiri fjöltyngd börn eigi í erfiðleikum með ákveðna þætti málfræðinnar, eins og sagnbeygingu í ensku.

Tvær rannsóknir hafa borið saman ein- og fjöltyngda hópa á Íslandi með því að nota málsýni og hafa báðar sýnt marktækan mun á milli eintyngdra og fjöltyngdra barna. Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl. (2022) skoðuðu 50 segða samtalsmálsýni hjá tvítýngdum leikskólabörnum og bar saman við eintyngd börn á Íslandi. Börnin voru á síðasta ári í leikskóla, þau voru tvítýngd því foreldrar töluðu sama tungumálið heima sem var ekki íslenska. Málsýnin voru samtöl við börnin í leik við viðmælanda. Marktækur munur var á milli hópanna á öllum mælipáttum miðað við $p < 0,01$. Að meðaltali voru tvítýngdu börnin samt sem áður innan eins staðalfráviks á mælipáttunum meðallengd segða, heildarfjölda orða og fjölda mismunandi orða/orðmynda. Tvítýngdi hópurinn gerði hlutfallslega mun fleiri málfræðivillur en sá eintýngdi en að meðaltali voru villurnar hjá tvítýngda hópnum um 12,9% og hjá þeim eintýngda um 1,6%. Elín Þöll Þórðardóttir (2021) skoðaði mun á íslenskukunnáttu ein- og fjöltyngdra unglinga í 25 segða samtalsmálsýnum þar sem unglungarnir töluðu um viðburði eins og nýlegt afmæli eða ferðalag. Í ljós kom marktækur munur á milli hópanna bæði í lengd segða/setninga að meðaltali og fjölda mismunandi orða. Báðar þessar rannsóknir báru saman málfræni þátttakenda með því að nota málsýni.

Í flestum samfélögum eru persónulegar frásagnir stór hluti af daglegum samskiptum manna á milli en þær hafa lítið verið rannsakaðar á Íslandi. Til þess að fá betri innsýn í málnotkun og umræðuefni barna í daglegum samskiptum verða athugaðar persónulegar frásagnir 10 ára barna á Íslandi með því að nota Global TALES-aðferðina en rannsóknir hafa sýnt gagn af henni við að skoða málfræni barna í daglegu lífi. Í rannsókninni verða bornar saman persónulegar frásagnir hjá ein- og fjöltyngdum börnum við 10 ára aldur á Íslandi.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Hvernig er málleg færni fjöltyngdra barna á Íslandi í samanburði við eintýngd börn þegar þau segja frá persónulegri reynslu og upplifunum með aðferðum Global TALES?
- Hver eru umræðuefni ein- og fjöltyngdra barna á Íslandi í persónulegum sögum út frá kveikju-orðum Global TALES-aðferðarinnar?

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru 42 börn; 27 eintyngd börn og 15 fjöltyngd börn. Eins og í Global TALEs-fýsileikarannsókninni voru börnin í kringum 10 ára (9;3 ára til 10;9 ára), eintyngdu börnin voru að meðaltali örlítið eldri (10;2) en þau fjöltyngdu (9;6), sjá *Töflu 1*. Eintyngdu börnin voru valin með hentugleikaúrtaki í tengslum við meistararitgerð Ernu Þráinsdóttur í talmeinafræði sem var gerð á tíma COVID-19 og því notaði hún snjóboltaúrtak og vefmiðla til að ná sambandi við væntanlega þátttakendur. Fjöltyngdu börnin voru úr fjórum skólum í Reykjavík úr mismunandi hverfum. Með leyfi Reykjavíkurborgar var haft samband við skólayfirvöld í sex skólum en tveir skólar sáu sér ekki fært að taka þátt. Í hinum skólunum fjórum vísuðu kennarar á fjöltyngd börn sem voru ekki með greind þroskafrávik. Foreldrar fengu send heim með börnunum upplýsingablöð um rannsóknina og samþykkisyfirlýsingu. Bæði foreldrar og börn skrifuðu undir upplýst samþykki um þátttöku og auk þess svöruðu foreldrar barnanna spurningalista Global TALEs um bakgrunn og stöðu barnanna í námi. Eintyngdu börnin voru öll fædd á Íslandi, höfðu gengið í leik- og grunnskóla á Íslandi og töluðu íslensku heima. Fjöltyngdu börnin voru öll nema eitt fædd á Íslandi og öll höfðu hafið grunnskólanám á Íslandi. Heimamál barnanna var pólska hjá þremur börnum, bisayska (tungumál talað á Filippseyjum) hjá þremur, tveimur lettneska, einu litháíska, einu rússneska, einu albanska, einu arabíska, einu króatíska, einu víetnamska og eitt barnið heyrði jöfnum höndum íslensku, ensku og cebuano (tungumál talað á Filippseyjum). Foreldrar nefndu að börnin heyrðu einnig íslensku (nín börn) og ensku (átta börn) heima hjá sér. Fjögur börn töluðu eingöngu tungumál foreldranna heima hjá sér, þrjú töluðu tungumál foreldranna í um 80% tímans, sex börn í um 50% tímans og eitt í um 30% tímans og eitt talaði íslensku. Foreldrar nefndu að börnin töluðu íslensku við systkini sín. Foreldrar töldu að öll börnin töluðu eingöngu íslensku í skólanum og að öll töluðu íslensku við vini sína, en fimm börn töluðu auk íslenskunnar ensku, pólsku eða litháísku.

Eins og sést í *Töflu 1*, sem er byggð á upplýsingum frá foreldrum, höfðu allir foreldrar stundað nám eftir grunnskóla en fleiri foreldrar eintyngda hópsins höfðu stundað háskólanám en foreldrar fjöltyngda hópsins. Foreldrar greindu frá að námsárangur barnanna í báðum hópum var í flestum tilfellum í meðallagi, bæði í íslensku og í stærðfræði.

Tafla 1

Upplýsingar um menntun foreldra og námsárangur barnanna

	Eintyngd (<i>N</i> = 27)		Fjöltyngd (<i>N</i> = 15)	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Menntun foreldra				
Grunnskóli	0	0	0	0
Framhaldsskóli	3	11	4	27
Iðnmenntun	4	15	4	27
Grunnnám í háskóla	8	30	3	20
Framhaldsnám í háskóla	12	44	4	27
Námsárangur barnanna í íslensku				
Undir meðallagi	0	0	1	7
Í meðallagi	17	63	14	93
Yfir meðallagi	10	37	0	0
Námsárangur barnanna í stærðfræði				
Undir meðallagi	0	0	0	0
Í meðallagi	20	74	12	80
Yfir meðallagi	7	26	3	20

Mælitæki og framkvæmd

Fylgt var aðferðum sem Global TALEs-rannsóknarhópurinn hafði komið sér saman um að nota til að laða fram persónulegar frásagnir barnanna (sjá Westerveld o.fl., e.d., 2023,). Höfundur þýddi leiðbeiningar um verklagið og önnur gögn auk þess að kynna sér ítarlega kennslumyndbönd, upplýsingabréf til foreldra og spurningalista. Þýðingin var forprófuð á fimm börnum. Börnin voru beðin um að segja sögurnar á sama hátt og lagt var upp með í leiðbeiningum með Global TALEs-aðferðinni og sögurnar voru lagðar fyrir í sömu röð. Sömu kveikjuorð voru notuð; hamingjusamur/spenntur, áhyggjufullur, reiður, stoltur, leysa vandamál og þegar eitthvað mikilvægt hafði komið fyrir. Ef börnin áttu í erfiðleikum með að skilja kveikjuorðin voru þau útskýrð frekar. Auk þess voru börnin hvött áfram til að segja eitthvað meira á sama hátt og var gert í leiðbeiningum sem fylgdu Global TALEs. Viðtölin tóku um 7 til 20 mínútur. Börnin voru fyrst spurð um hvort þau myndu eftir að hafa einhvern tíma verið spennt eða mjög hamingjusöm og síðan beðin um að segja sögu um það. Ef barnið svaraði með einni eða tveimur setningum þá gat viðmælandinn hvatt barnið áfram með því að segja: „Getur þú sagt mér meira?“ „Getur þú skýrt út fyrir mér hvað þú átt við?“ eða „Er eitthvað fleira sem þú vilt segja mér?“

Tveir meistaranemar í talmeinafræði söfnuðu gögnunum. Erna Þráinsdóttir safnaði frásögnum eintygndu barnanna og gögnunum um fjöltyngdu börnin safnaði Lilja Helgadóttir. Báðar kynntu sér vel upplýsingar, leiðbeiningar og myndbönd af heimasíðu Global TALEs (Westerveld o.fl., e.d.) og auk þess skoðuðu þær vel þýðingar höfundar. Þær prófuðu báðar að laða fram persónulegar sögur áður en gagnasöfnun hófst. Viðtölin við eintygndu börnin voru tekin á Zoom vegna COVID-19 (Erna Þráinsdóttir, 2022). Viðtölin við fjöltyngdu börnin voru tekin í skólum barnanna í samráði við skólastjórnendur og kennara eftir að samkomutakmörkunum vegna COVID-19 lauk.

Afritun og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð með því að fylgja leiðbeiningum Global TALEs. Stuðst var við afritunarreglur sem eru notaðar í Systematic Analysis of Language Transcripts (SALT). Meginreglan er sú að skipta í segðir eftir samskiptaeiningum (e. communication units) þannig að það sem barnið segir í einu lagi er ein segð. Segð getur verið heil málsgrein, setning eða jafnvel eitt orð (t.d. sem svar við spurningu). Viðmiðið var að hver setning eða merkingarbært setningarbrott sem barnið sagði í einu lagi var skráð sem ein segð. Málfræðivillur voru skráðar ef barnið notaði ekki rétta tíð, tölu eða kyn orða og voru merktar sérstaklega með gæsalöppum. Röng orðaröð í setningu var ekki skráð sérstaklega og ekki talin sem villa en hins vegar var röng orðanotkun skráð sem villa. Dæmi um ranga notkun orða var t.d. „hvenær ég fer til ömmu“ í stað „þegar ég fer til ömmu“. Forritið Málgreinir (Jóhanna T. Einarsdóttir og Stefán Carl Peiser, 2016) var notað til að vinna úr afrituðum sýnum. Forritið telur heildarfjölda segða og reiknar meðallengd segða (MLS) eða hversu mörg orð eru að meðaltali í hverri segð. Auk þess telur forritið heildarfjölda orða/orðmynda (HFO), fjölda mismunandi orða/orðmynda (FMO) og fjölda óskiljanlegra orða. Forritið telur orðmyndir en ekki flettiorð en með því er átt við að hver mynd orðs er talin sem eitt orð. Orð eins og maður getur því verið talið sem 15 mismunandi orð. Auk þess gefa niðurstöður forritsins hlutfall málfræðivillna. Forritið má nálgast í opnum aðgangi á vefsíðu um Málsýni (Jóhanna T. Einarsdóttir og Stefán Carl Peiser, 2016).

Áreiðanleiki afritunar

Alls afrituðu fjórir meistaranemar í talmeinafræði málsýnin og höfundur greinarinnar fór yfir afritunina og tryggði að skipt væri í segðir samkvæmt viðmiðum Global TALEs-hópsins. Nánar tiltekið þá afritaði Erna Þráinsdóttir öll málsýni eintygndu barnanna vegna meistaranaritgerðar sinnar og óháður aðili afritaði um 22% sýnanna, eða sögurnar frá sex þátttakendum sem voru valdir tilviljunarkennt. Allar frásagnir fjöltyngdu barnanna voru afritaðar í tvígang af tveimur óháðum meistaranemum í talmeinafræði. Samræmi afritunar reyndist vera 80–100% eftir breytum, sem er

viðunandi (Koo og Li, 2016).

Umræðuefni og áreiðanleiki flokkunar

Global TALEs-flokkunarkerfið (Westerveld o.fl., 2023) var notað til að flokka umræðuefnin. Höfundur greinarinnar flokkaði öll umræðuefnin út frá flokkunarkerfi Global TALEs, bæði hjá ein- og fjöltyngdu börnunum. Óháður aðili (nemi í talmeinafræði) flokkaði einnig umræðuefnin og var 91% samræmi. Þeir fóru yfir flokkunina þangað til þeir voru sammála um öll atriði.

Tölfræði og gagnagreining

Öll gagnaurvinnsla sem og tölfræðigreining var gerð með Excel. Við að reikna marktækni milli frásagna ein- og fjöltyngdra barna var notað t-próf miðað við að innan hópanna væri mismunandi dreifni.

Leyfi og samstarf

Vísindasiðanefnd háskólanna fjallaði um rannsóknina þann 9. júní 2020 varðandi eintyngdu börnin og 17. apríl 2023 varðandi fjöltyngdu börnin og sá ekki tilefni til að mæla gegn rannsókninni. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitti leyfi til að hafa samband við skóla í Reykjavík vegna fjöltyngdu barnanna þann 10. maí 2023. Áður hafði Vísindasiðanefnd Háskólans í Griffith í Ástralíu (HREC, no: 2018/23) veitt leyfi til að skoða persónulegar frásagnir með Global TALEs-aðferðinni.

Í öllum tilfellum fylltu foreldrar út upplýst samþykki og upplýsingar um bakgrunn og auk þess skrifuðu börnin undir samþykki. Upplýsingablaðið og samþykkið var á íslensku, ensku og pólsku fyrir fjöltyngdu börnin.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti verkefnið árið 2020 og 2023 og jafnframt fékkst styrkur frá Vinnumálastofnun vegna sumarvinnu árið 2021 við að undirbúa verkefnið.

Niðurstöður

Málleg færni barnanna var skoðuð með því að bera saman eftirfarandi breytur á milli eintyngdu og fjöltyngdu hópanna: Heildarfjöldi segða (HS), heildarfjöldi orða/orðmynda (HFO), fjöldi mismunandi orða/orðmynda (FMO), meðallengd segða (MLS) og hlutfall villna (HV). Eins og sjá má í *Töflu 2* var mikill breytileiki á öllum mælieiningum í báðum hópum sem kann að hafa áhrif á niðurstöður. Flest eintyngdu barnanna, eða 70–75%, náðu að vera með HS, HFO, FMO og MLS innan eins staðalfráviks frá meðaltali hópsins. Fjöltyngdi hópurinn var með lægra meðaltal í öllum mælieiningum miðað við eintyngda hópinn. Frekari samanburður fjöltyngdu barnanna við eintyngdu börnin sýndi að í HS náðu um 60% að vera innan eins staðalfráviks frá meðaltali eintyngdu barnanna, um 13% í HFO, um 28% barna í FMO, og um 7% í MLS. Stór hluti fjöltyngdu barnanna var milli eins og tveggja staðalfrávika í HFO (80%), í FMO (60%) og í MLS (60%). Öll fjöltyngdu börnin voru um þremur staðalfrávikum eða meira frá meðaltali eintyngdu barnanna hvað varðar hlutfall málvillna.

Tafla 2

Meðaltal og staðalfrávik fyrir HS, HFO, FMO, MLS og HV hjá eintyngdum og fjölyngdum börnum

	Eintyngd börn			Fjölyngd börn		
	Meðaltal	Staðalfrávik	Spönn	Meðaltal	Staðalfrávik	Spönn
Heildarfjöldi segða (HS)	62,1	20,2	26–115	47,1	18,1	21–95
Heildarfjöldi orða (HFO)	545,6	219,0	202–989	267,7	119,4	105–601
Fjöldi mism. orða (FMO)	205,5	62,1	90–336	122,1	38,0	61–213
Meðallengd segða (MLS)	8,6	1,5	6–12,3	5,6	1,0	3,8–7,7
Hlutfall málvillna (HV)	0,6	0,8	0–2,2	6,2	2,3	1,7–9,7

Marktækur munur var á milli meðaltala eintyngdra og fjölyngdra barna á öllum mælipáttum miðað við að $p < 0,01$. Munur var 15 segðir á HS ($t(32) = 2,5$ og $p < 0,01$), fyrir HFO var meðaltalsmunurinn 277,9 orð/orðmyndir ($t(40) = 5,3$ og $p < 0,01$), fyrir FMO var munurinn 83,4 orð/orðmyndir að meðaltali ($t(40) = 5,4$ og $p < 0,01$), fyrir MLS var munurinn 3 orð að meðaltali ($t(39) = 7,8$ og $p < 0,01$), og meðaltalsmunur á hlutfalli villna var 5,6% ($t(15) = 8,8$ og $p < 0,01$).

Þegar rýnt var frekar í villur barnanna kom í ljós að eintyngdu börnin tjáðu sig almennt nokkuð villulaust, tvö börn sögðu alveg villulausar sögur en spönnin var frá 0–2,2%. Villur voru hins vegar mjög áberandi í frásögnum fjölyngdu barnanna þó að breytileikinn væri nokkur, spönnin var frá 1,7% til 9,7%. Flestar villurnar voru þess eðlis að þær stungu verulega í stúf við málkennd höfundar og afritara, til dæmis „meiða mér“ í stað „meiða mig“, segja „við mér“ í stað segja „við mig“, „beit mér“ í stað „beit mig“. Einnig voru villur sem tengdust beygingum og tölu nafnorða; „ég fékk fuglar“ í stað „ég fékk fugla“ eða beygingum nafnorða og persónufornafna; „ég hitti afi mín og amma mín“. Alloft, eða nánar til tekið alls 16 sinnum, kom fyrir að börnin notuðu hvenær í stað þegar; „hvenær ég var með pabba mínum“ eða „hvenær ég var í skóla“. Eitt barn átti í verulegum erfiðleikum með að tjá sig á íslensku og sagði setningar á borð við: meiðar mér systir eða hvenær ég fá sig einhver afmælisgjöf.

Umræðuefnin voru flokkuð á sama hátt hjá ein- og fjölyngdum börnum og eru sýnd í *Töflu 3*. Kveikjuorðin kölluðu fram mismunandi sögur hjá börnunum. Minnst dreifing var varðandi kveikjuorðin reiður og stoltur. Börnin í báðum hópnum voru nokkuð sammála um að þau yrðu reið eða pirruð út af samskiptum við vini og systkini og þau voru stolt yfir að hafa náð persónulegum árangri eins og í íþróttum. Fjölyngdu börnin á Íslandi nefndu oft skólatengd verkefni en eintyngdu börnin nefndu oftast nýjar áskoranir eins og að koma fram á tónleikum eða flytja á nýjan stað sem eitthvað sem þau voru áhyggjufull yfir. Hvað varðar kveikjuorðið vandræði sem þurfti að leysa þá nefndi eintyngdi hópurinn oftast atriði sem voru flokkuð sem persónulegur þroski, eins og þegar börnin höfðu náð að segja skoðun sína og leyst þannig úr vandræðunum. Fjölyngdi hópurinn nefndi hins vegar oftast skólann eins og þegar þau höfðu náð tókum á einhverju skólatengdu verkefni eða báðu um hjálp kennarans við að skilja betur hvað þau áttu að gera. Um mikilvægan atburð nefndu flest eintyngdu börnin mikilvæga viðburði innan fjölskyldunnar, eins og að hafa eignast nýtt systkini, en fjölyngdu börnin nefndu oftast persónulegan árangur.

Nokkuð var um að ekki væri hægt að flokka umræðuefnin hjá fjölyngda hópnum eins og sést í *Töflu 3* en skilningur á kveikjuorðunum var mismunandi á milli hópanna og kann það að hafa haft áhrif á niðurstöður. Eintyngdu börnin virtust skilja öll kveikjuorðin nema áhyggjufullur þar sem tvö börn spurðu hvað átt væri við. Hvað varðar fjölyngdu börnin þá báðu þau oft um frekari útskýringar og kveikjuorðin voru skýrð út með dæmum sem kunna að hafa haft áhrif á val á umræðuefnum.

Nánar tiltekið þá skildu öll fjöltyngdu börnin hvað það var að vera reiður en eingöngu tvö fjöltyngd börn skildu áhyggjufullur; sex hamingjusamur, átta stoltur, níu börn skildu hvað átt var við með mikilvægum atburði og tólf hvað var átt við með vandræði. Í nokkrum tilfellum brá viðmælandi fjöltyngdu barnanna á það ráð að nota enska orðið happy til að fá barnið til að skilja betur orðið hamingjusamur.

Tafla 3

Samantekt á umræðuefnum hjá báðum hópum. Taflan sýnir blutfallslegan fjölda (%) svara við hvert kveikjuorð flokkað eftir flokkunarkerfi Global TALES

Kveikjuorð	Umræðuefni	Eintyngd	Fjöltyngd	Dæmi
		N = 27	N = 15	
1. Hamingjusamur /spenntur	Fjölskylduviðburður	30	67	Afmæli Fjölskylduferð
	Ný reynsla eða nýr hlutur	22	33	Fá nýtt gæludýr eða hlut
	Persónulegur árangur	33		Ná árangri í íþróttum
	Persónulegur þroski	4		Ná settu markmiði
	Samskipti við jafningja	7		Hitta vini
	Ekki hægt að flokka	4		Horfa á bíómynd
2. Áhyggjufullur/ stressaður	Skólaverkefni	15	33	Verkefni í stærðfræði, skólinn að byrja
	Nýjar áskoranir	26	20	Flytja á nýjan stað Spila á tónleikum
	Öryggisáhyggjur	22	7	Týndist, fann ekki leiðina heim
	Sjúkdómur, meiðsl eða dauði	22	20	Fótbrott, blóðprufa
	Samskipti í fjölskyldu eða vinahóp	15	20	Ekki tekin með í hóp
	Missa einhvern eða eitthvað	0	0	
	Ekki hægt að flokka		7	Aldrei áhyggjufullur
3. Reiður/pirraður	Samskipti við systkini eða vini	85	73	Stríðni, rífast við systkini
	Samskipti við foreldra	0	7	Mátti ekki leika
	Væntingar skóla/ annarra	0	0	
	Persónuleg vonbrigði	15	7	Fær ekki nýjan síma, þarf að breyta áætlun
	Ekki hægt að flokka		13	Aldrei reiður
4. Stoltur	Persónulegur árangur	93	53	Vinna í íþróttum Veiddi stóran fisk
	Persónulegur þroski	7	13	Komast yfir hræðslu
	Árangur tengdur öðrum	0	7	Gæludýrið fékk verðlaun
	Ekki hægt að flokka		27	Kann ekki að segja það, veit ekki

5. Vandræði	Samskipti við fjölskyldu eða vini	11	27	Standa með sjálfum sér, leysa vandamál við vini
	Finna eða laga	4	0	Fann lausn þó að hann gleymdi að taka strætó
	Persónulegur þroski	63	0	Taka ábyrgð, segja skoðun sína
	Öryggi eða heilsa	11	13	Ná bata eftir veikindi eða slys
	Vandamál í skóla	7	33	Náði að skilja stærðfræði, bað kennarann um hjálp ef skildi ekki verkefni
	Ekki hægt að flokka	4	27	Veit ekki, man ekki
6. Mikilvægt	Persónulegur árangur	15	40	Árangur í íþróttum, árangur í skóla
	Fjölskylduviðburður eða stuðningur	41	20	Fjölskyldumót eignast nýtt systkini
	Menningarlegt	7	0	Lesi góða bók, fór í leikhús
	Samskipti við jafnaldra	15	7	Eignast nýja vini
	Nýir hlutir eða ný reynsla	22	13	Fá nýtt gæludýr
	Ekki hægt að flokka		20	Veit ekki, man ekki, telur ekki upp einstakan hlut

Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða mállega færni ein- og fjöltyngdra barna á Íslandi þegar þau sögðu sögur úr daglega lífinu og hvaða umræðuefni þau völdu að tala um út frá kveikjuorðum Global TALEs. Þar sem beitt var sömu aðferð og í fýsileikarannsókn Global TALEs (Westerveld o.fl., 2023) var hægt að skoða niðurstöðurnar í alþjóðlegu samhengi. Niðurstöður voru á þá lund að mikill breytileiki var innan beggja hópa í mállegri færni sem eru hliðstæðar niðurstöður og komu fram í fýsileikarannsókninni. Marktækur munur var á milli ein- og fjöltyngdra barna á meðaltölum allra mælipátta málsýna; fjöltyngdu börnin töluðu minna, orðavalið var ekki eins fjölbreytt og þau tjáðu sig í styttri setningum. Einnig gerðu þau áberandi fleiri villur í beygingum og orðavali. Niðurstöður um mállega færni fjöltyngdra barna í persónulegum frásögnum gefa til kynna heldur slakari íslenskukunnáttu en fyrri rannsóknir sýndu þar sem notuð voru málsýni (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022).

Umræðuefni beggja hópanna á Íslandi voru svipuð. Börn sem alast upp í íslenskum veruleika áttu margt sameiginlegt með börnum um allan heim varðandi val á söguefnum (Westerveld o.fl., 2023). Hamingjustundir fólust almennt í samveru með fjölskyldunni eins og hjá börnum í flestum þátttökulöndum í Global TALEs-fýsileikarannsókninni. Líkt og um allan heim voru samskipti við vini og systkini það sem angraði þau og persónulegir sigrar gerðu þau stolt. Nokkur dreifing var hjá báðum hópum á hvað börnin töldu vera áhyggjuefni, vandræði sem þau leystu og einnig mikilvægir atburðir. Þessi rannsókn sýnir að hægt er að nota Global TALEs-aðferðina við að laða fram persónulegar sögur hjá börnum á Íslandi þó að fjöltyngdu börnin hafi mörg hver átt í erfiðleikum með að skilja kveikjuorðin, nokkuð sem kom ekki fyrir hjá börnum í löndunum í fýsileikarannsókninni (Westerveld o.fl., 2023).

Þátttakendur, staða foreldra og íslensk tunga

Þátttakendur í rannsókninni voru fáir, valdir eftir hentugleika og endurspeglu því mögulega ekki þýðið. Hugsanlega hefur það einnig haft áhrif á niðurstöður að viðtölin voru ekki tekin á sama hátt. Hjá eintyngda hópnum voru viðtölin tekin í gegnum netið (Zoom) en hjá fjöltyngda hópnum voru þau tekin í skóla barnanna. Ein rannsókn hefur kannað áhrif mismunandi verklags við að fá börn til að segja persónulegar sögur með Global TALEs-aðferðinni. Þátttakendur voru 89 börn, viðtöl við 40 börn voru tekin á netinu en 49 viðtöl voru tekin á staðnum. Niðurstöður sýndu engan marktækan mun á milli hópanna á mælieiningunum HS, HFO, FMO, og MLS (Ferman og Kavar, 2023). Þó að þessi eina rannsókn gefi vísbendingar um að mismunandi framkvæmd hafi ekki haft áhrif á niðurstöður þá þarf að staðfesta það með frekari rannsóknum.

Fjöl margar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl menntunar og stöðu foreldra við málþroska barna þeirra, bæði ein- og fjöltyngdra (Genesee, 2015; Paradis og Jia, 2017). Því var forvitnilegt að sjá að allir foreldrar bæði ein- og fjöltyngda hópsins höfðu haldið áfram námi eftir grunnskólann. Mun fleiri foreldrar eintyngda hópsins höfðu lokið háskólaprófi (74%) en samt sem áður var rétt tæpur helmingur (47%) foreldra fjöltyngda hópsins með háskólapróf. Mismunandi menntunarstig foreldra kann ef til vill að skýra muninn á milli hópanna. Námsleg staða barnanna er byggð á svörum foreldra (sjá *Töflu 1*) og börnin í báðum hópum eru með mjög svipaða kunnáttu í stærðfræði. Eintyngdu börnin voru heldur sterkari í íslensku þar sem þau sýndu öll annaðhvort færni í meðallagi eða yfir meðallagi. Í fjöltyngda hópnum voru öll börnin nema eitt með meðalfærni í íslensku samkvæmt upplýsingum frá foreldrum. Vitað er að sterk tengsl eru milli málþroska og námsgengis í skóla (Jóhanna T. Einarsdóttir o.fl., 2016) og því komu upplýsingar frá foreldrum fjöltyngdu barnanna um stöðu barnanna í námi á óvart, sérstaklega í íslensku. Foreldrar merktu við hjá einu barni að það sýndi slaka færni í íslensku og það barn átti í verulegum erfiðleikum með að segja persónulegar sögur auk þess sem það sagðist sjálf eiga í erfiðleikum með að skilja og segja frá á íslensku, þrátt fyrir að hafa fæðst á Íslandi.

Fjöltyngdu börnin voru öll nema eitt fædd á Íslandi, búin að búa á landinu í 9 til 10 ár og ganga í íslenska leik- og grunnskóla. Þau eru fjöltyngd því foreldrar þeirra eru innflytjendur og tala annað tungumál en íslensku heima. Það var þó ekki þannig að þau heyrðu og töluðu aðeins eitt tungumál, mál foreldranna heima hjá sér. Að sögn foreldra heyrðu þau og töluðu, í bland við heimamálið, íslensku og ensku. Þau voru eingöngu fjögur börn sem heyrðu og töluðu aðeins tungumál foreldranna heima. Börnin töluðu íslensku við systkini sín, heyrðu íslensku í skólanum og töluðu flest bara íslensku við vini sína. Það má því velta fyrir sér hvert sé sterkasta mál barnanna og hvaða tungumál þeim sé tamast að nota í mannlegum samskiptum til að koma hugsun, reynslu og tilfinningum til skila. Auður Pálsdóttir og félagar (2024) voru með svipaðar vangaveltur í rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við tæplega 80 fjöltyngd börn í 6.–10. bekk í Fellaskóla. Niðurstöður sýndu að börnin sögðu íslensku vera megintungumálið sem var notað í kennslustundum en þau töluðu jöfnum höndum íslensku og ensku í frímínútum. Heima hjá sér virtust börnin tala fleiri tungumál en heimamálið, en 22% þeirra sögðust tala mest íslensku heima og um 17% mest ensku. Í rannsókn Elínar Þallar Þórðardóttur (2021) töldu foreldrar að börnin væru aðeins betri í íslensku en heimamálinu en börnin sjálf töldu að þau væru aðeins betri í heimamálinu. Munurinn var þó lítill og almennt töldu foreldrar og börn í rannsókn Elínar að börnin hefðu góða eða mjög góða færni í báðum tungumálum.

Þannig getur verið erfitt að ákveða nákvæmlega hvert er sterkara mál barnanna. Þar kemur margt inn í eins og málörvun í leikskóla, tungumál sem barnið notar í samskiptum við vini sína og þegar það horfir á afþreyingu en ef horft er til dvalartíma í íslensku málumhverfi og tungumálanotkun ætti íslenskan að vera sterkasta mál barnanna, sérstaklega ef hafðar eru í huga niðurstöður erlendra rannsókna um málfærni fjöltyngdra barna (Cabrera Pérez o.fl., 2025; Cattani o.fl., 2014; Gathercole og Thomas, 2009; Genesee, 2015; Paradis og Jia, 2017).

Persónulegar sögur og málleg færni ein- og fjöltyngdra barna á Íslandi

Mikill breytileiki var innan beggja hópa á mælipáttum sem könnuðu mállega færni og er það í takt við niðurstöður þar sem Global TALEs-aðferðin var notuð. Heildarfjöldi segða segir til um hversu mikið börnin töluðu og í fýsileikarannsókn Global TALEs var meðaltalið frá 45,8 til 63,8 segðir. Eintygndi hópurinn var að meðaltali með 62 segðir, sem er svipaður fjöldi segða og kom fram meðal barna í Ástralíu, Grikklandi, Rússlandi og Taívan, og fjöltyngndi hópurinn var að meðaltali með 47 segðir, sem er svipað og kom fram í Bandaríkjunum, Brasilíu, Króatíu og hjá arabíska hópnum í Ísrael (Westerveld o.fl., 2023). Fjöldi segða er mikilvægur mælikvarði og segir til um hversu viljug börnin eru til að deila persónulegum sögum og hvort þau séu tilbúin að segja öðrum frá upplifun og líðan, en einnig hvort þau hafi það gott vald á tungumálinu að þau geti miðlað reynslu og þankagangi. Heildarfjöldi orða var að meðaltali 546 orð fyrir íslensku eintygndu börnin en 267 orð fyrir fjöltyngdu börnin sem er einnig innan meðaltals hjá Global TALEs-rannsókninni en þar sögðu börnin 160–622 orð að meðaltali. Þetta var mismunandi milli landa, bandarísku börnin voru með fæst orð en þau áströlsku með flest. Marktækur munur var hins vegar milli hópanna á Íslandi á hversu mikið þau tjáðu sig en eintygndi hópurinn tjáði sig bæði með fleiri segðum og orðum.

Því miður voru ekki birtar niðurstöður af fleiri mælipáttum mállegrar færni í fýsileikarannsókn Global TALEs og því var ekki hægt að bera saman niðurstöður á fjölda mismunandi orða og meðallengd segða við hópana á Íslandi. Marktækur munur var á milli eintygndu og fjöltyngdu barnanna í hversu mörg mismunandi orð þau notuðu við að segja sögurnar, sem staðfestir niðurstöður fyrri rannsókna sem hafa notað samtalsmálsýni (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022). Það sama á við um meðallengd segða en eintygndu börnin notuðu lengri setningar en þau fjöltyngdu í þessari rannsókn eins og í fyrri rannsóknum sem hafa notað þennan mælipátt (Elín Þöll Þórðardóttir, 2021; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022). Eintygndu börnin gerðu fáar málfræðivillur eins og hefur komið fram í öðrum rannsóknum þar sem málsýni hafa verið notuð við að meta mállega færni barna (Elín Þöll Þórðardóttir, 2008; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022; Jóhanna T. Einarsdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir, 2015). Fjöltyngdu börnin gerðu hins vegar marktækt fleiri villur, sem eru sambærilegar niðurstöður og hjá Hjördísi Hafsteinsdóttur o.fl. (2022). Sumar villur eins og að nota hvenær í stað þegar koma spánskt fyrir sjónir hjá börnum sem hafa búíð á landinu í 9–10 ár og þar sem íslenskan er ef til vill sterkara mál þeirra. Það er spurning hvort börnin hafi ekki fengið nauðsynlega leiðréttingu á íslenskunni í daglegum samræðum þannig að þau hafi einfaldlega vanist því að nota röng orð og ekki réttar beygingar þar sem umhverfið skilur þau.

Umræðuefni og kveikjuorðin

Umræðuefni bæði ein- og fjöltyngdu barnanna voru sláandi keimlík því sem börnin um allan heim eru að ræða um, eins og kom fram í fýsileikarannsókn Global TALEs (Westerveld o.fl., 2023). Flest börn tengdu hamingjustundir við samveru með fjölskyldunni. Samskipti við vini og ættingja voru alls staðar í fyrsta sæti varðandi atriði sem urðu þess valdandi að þau urðu reið eða pirruð og um allan heim nefndu þau persónulegan árangur í skóla, íþróttum eða tónlist um eitthvað sem þau voru stolt yfir. Hugsanlega eru þetta þættir sem eru sameiginlegir öllum börnum um allan heim þó að varhugavert sé að draga almennar niðurstöður þar sem þátttakendur voru fáir í hverju landi fyrir sig. Börnin á Íslandi skáru sig ekki frá öðrum þegar þau sögðu sögur tengdar því að vera hamingjusamur, reiður eða stoltur.

Hvað varðar áhyggjuefni var um allan heim meiri dreifing á um hvað börnin höfðu áhyggjur af. Fjöltyngdu börnin á Íslandi nefndu oft skólatengd verkefni líkt og kom fram hjá mörgum hópum í Global TALEs-rannsókninni en eintygndu börnin nefndu oftast nýjar áskoranir sem þau voru áhyggjufull yfir. Þess má geta að börn bæði í Taívan og Ísrael (báðir hópar) höfðu áhyggjur af velferð fjölskyldunnar, en það kom ekki fyrir hjá hópnum á Íslandi. Í flestum löndum í Global TALEs-rannsókninni sögðu börnin sögur af árangursríkum samskiptum við vini og fjölskyldu þegar þau sögðu sögur af vandræðum sem þau höfðu náð að leysa. Eintygndi hópurinn nefndi oftast atriði sem

voru flokkuð sem persónulegur þroski, eins og þegar börnin höfðu náð að leysa úr vandræðum með því að segja skoðun sína. Um mikilvægan atburð nefndu flest eintyngdu börnin mikilvæga viðburði innan fjölskyldunnar eins og að hafa eignast nýtt systkini en börnin í Global TALEs-rannsókninni nefndu í flestum löndum persónulegan árangur eins og fjöltyngdu börnin á Íslandi.

Kveikjuorðin sem voru notuð komu frá Global TALEs-rannsóknarhópnum og voru þýdd á fjölmörg tungumál. Í nokkrum löndum þurfti að útskýra orðin betur, til dæmis í Svíþjóð, Brasilíu, á Kýpur og Íslandi, en í flestum löndum áttu börnin ekki í vandræðum með að skilja orðin. Orðið worry var þýtt sem áhyggjufullur á Íslandi og síðan komu frekari útskýringar; varst stressaður, lentir í einhverju sem þú réðir ekki við, þegar börnin skildu ekki. Tvö eintyngd börn sögðust ekki skilja orðið áhyggjufullur og báðu um útskýringar. Mörg fjöltyngdu börnin áttu hins vegar í erfiðleikum með að skilja kveikjuorðin og báðu um frekari útskýringar. Þetta átti sérstaklega við um orðið áhyggjufullur og hamingjusamur en einnig að vera stoltur og ræða um mikilvægan atburð. Það er spurning hvort börnin hefðu átt auðveldar með að skilja kveikjuorðin á heimamálinu og gengið þá betur að segja sögurnar, og væri áhugavert að kanna það frekar.

Frásagnir og fjöltyngd börn

Bent hefur verið á að málsýni, samtalsýni eða frásagnir gefi réttmætari mynd af málþroska fjöltyngdra barna en stöðluð próf sem eru hönnuð út frá eintyngdum menningarheimi (Freeman og Schroeder, 2022; Gagarina o.fl., 2016; Gibson o.fl., 2018). Sögur fjöltyngdu barnanna voru oft þess eðlis að ekki var um eiginlega sögu að ræða heldur sagt frá einstökum atviki, til dæmis barnið sem sagðist hafa verið stolt með því að segja eftirfarandi: „Þegar ég held að ég var rangt en svo var ég rétt.“ Allir skilja hvað átt er við og hugsunin er skýr en ekki er hér um eiginlega sögu að ræða. Það er spurning hvernig barnið hefði sagt frá þessu á heimamálinu og hvort sagan hefði þá verið ítarlegri og efnismeiri. Í fýsileikarannsókninni tóku þátt börn sem töluðu rússnesku, arabísku og króatísku sem eru heimamál þriggja barna sem tóku þátt í þessari rannsókn. Spannandi væri að nýta sér þá vinnu til að skoða hvernig börnin segja sögur á heimamálinu. Hugsanlega geta máltækni og gervigreindarforrit hjálpað til við að afrita sögurnar og lesa úr þeim. Þannig væri hægt að bera saman færni barnanna á mismunandi tungumálum og skoða styrkleika og veikleika þeirra í hverju tungumáli fyrir sig.

Persónulegar sögur og félagsfærni

Stór hluti samskipta er að deila með öðrum reynslu úr daglegu lífi og því sem hefur komið fyrir. Mikilvægt er að börn geti rætt saman til að viðhalda vináttu og félagslegum tengslum. Við 10 ára aldur eiga börn að geta sagt sögur, sagt vinum sínum sögur af því sem þau gerðu í sumarfríinu eða hvernig var þegar þau heimsóttu ömmu og afa (Nippold o.fl., 2005; Westby og Culatta, 2016). Þó að fjöltyngdu börnin gætu sagt persónulegar sögur með kveikjuorðum frá Global TALEs innan þeirra marka sem komu fram í fýsileikarannsókninni voru sögurnar stuttar og málfræðivillur mjög áberandi. Fjöltyngdu börnin í þessari rannsókn töluðu aðallega íslensku í skólanum og við vini sína og mörg líka íslensku heima hjá sér. Hugsanlega er íslenskan því þeirra sterkasta mál. Ákveðin hætta er á að þau finni til vanmáttar vegna takmarkaðrar færni í íslensku og það komi niður á sjálfsmynd og félagslegum tengslum. Til að geta deilt reynslu sinni með öðrum, og sagt stoltur frá uppruna sínum, þarf að búa yfir mállegri færni. Niðurstöður þessarar rannsóknar, sem og niðurstöður fyrri rannsókna um íslenskufærni fjöltyngdra barna, sýna að börnin læra ekki fyrirhafnarlaust nýtt tungumál eins og íslensku eingöngu með því að búa á landinu og ganga í íslenskan skóla. Fjöltyngdu börnin í þessari rannsókn höfðu flest dvalið í 9–10 ár á Íslandi og höfðu ekki náð góðum tókum á íslensku. Fjöltyngd börn virðast ná ágætum tókum á enskri tungu eftir að hafa dvalið 5–7 ár í enskumælandi umhverfi (Demie, 2013; Paradis og Jia, 2017).

Takmarkanir rannsóknarinnar

Í rannsókninni voru skoðaðar persónulegar frásagnir hjá 10 ára börnum með því að nota aðferð sem var þróuð í alþjóðlegu samhengi. Þátttakendur í rannsóknarhópunum voru fáir (27 eintyngdir og 15 fjöltýngdir) þannig að ekki er hægt að draga almennar ályktanir um færni barna við að segja persónulegar sögur. Almenn má segja um Global TALEs-aðferðina að það er mikill breytileiki í niðurstöðum um mállega þætti, bæði innan hvers lands og einnig milli landa, þannig að stundum verða frásagnir barnanna mjög stuttar. Í rannsókninni voru auk þess eingöngu skoðaðir mállegir þættir út frá talmáli eins og það endurspegladist í frásögnum barnanna og hugsanlega geta þau meira en kom fram í frásögnunum. Aðrar takmarkanir voru að notað var ólíkt verklag milli hópanna tveggja við að laða fram sögurnar, við fjöltýngdu börnin voru viðtöl í skólum barnanna en við eintýngdu voru tekin viðtöl á Zoom. Auk þess voru ekki sömu talmeinafræðinemar sem tóku viðtölin og kann að vera að viðmót þeirra og færni við að fá börnin til að segja frá hafi verið ólík. Menntunarstig foreldra var ekki það sama og upplýsingar um þátttakendur og bakgrunn þeirra voru frekar takmarkaðar, svo sem þekking fjöltýngdu barnanna á heimamálinu.

Ályktanir

Niðurstöður þessarar rannsóknar um persónulegar frásagnir sem og fyrri rannsóknir um færni fjöltýngdra barna í íslensku hníga allar í sömu átt og kalla eftir róttækum breytingum á hvernig staðið er að því að kenna fjöltýngdum börnum íslensku. Ljóst er að markmið aðalnámskrár frá 2011/2013 hafa ekki náðst um að börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn kunni íslensku það vel að þau geti tekið fullan þátt í samfélaginu og notið menningarinnar. Mikil vakning og umræða hefur verið í íslensku samfélagi og eru kennarar á öllum skólastigum vakandi og meðvitaðir um að styðja við íslenskunám barnanna. Mikilvægt er að börnunum líði vel og þau geti tekið þátt í félagslegum samskiptum, og hluti af því er að geta deilt persónulegum sögum með vinum og ættingjum. Þessi rannsókn sýnir að það er hægt að nota Global TALEs-aðferðina til að bera saman mállega færni ein- og fjöltýngdra barna á Íslandi. Í framtíðinni væri spennandi að skoða færni barnanna á heimamálinu með aðferðinni.

Personal Narratives of Monolingual and Multilingual Children in Iceland

Personal narratives are a substantial part of daily communication. People take turns sharing what has happened to them, recounting stories, events and feelings from their lives with others (Peterson & McCabe, 2013). Personal narratives are an important aspect of understanding one's own emotions and thoughts, as well as conveying feelings and ideas (Bruner, 1990).

Recent studies have shown that analysing children's personal narratives can serve as a useful language assessment tool in a multilingual world, as it provides a comprehensive and rich sample of a child's functional language skills, reflecting daily communication. However, few tools and methods are available for speech-language pathologists to evaluate these skills in culturally and linguistically diverse children. To address this urgent need and gap in existing knowledge, members of the Child Language Committee of the International Association of Communication Sciences and Disorders (IALP) founded a special interest group called the Global TALEs (Talking About Lived Experiences in Stories) Network. The Global TALEs Network currently involves more than 50 researchers from 26 countries worldwide, investigating personal narratives in school-age children using the Global TALEs protocol (Westerveld et al., 2023).

A strong language foundation is a key prerequisite for literacy and proficiency in Icelandic, and it is one of the biggest influencing factors in children's learning at all levels of the Icelandic school system (Jóhanna T. Einarsdóttir et al., 2016). In Iceland, the

number of children growing up in multilingual environments has increased significantly in recent years, and research findings show that these children struggle more than their monolingual peers to acquire the Icelandic language. This is especially true when language proficiency is measured using standardised tests (Elín Þöll Þórðardóttir & Anna Guðrún Júlíusdóttir, 2013; Hjördís Hafsteinsdóttir et al., 2022). The language used in personal narratives is simpler than in standardised tests, and focus solely on spoken language rather than complex academic vocabulary or written language (Freeman & Schroeder, 2022; Gagarina et al., 2016; Nippold et al., 2005).

The objective of this study was to use the Global TALES protocol to compare language skills and discussion topics between a group of multilingual children and a group of monolingual children in Iceland.

The study involved 42 children, including 27 monolingual and 15 multilingual participants, aged 9 years and 3 months to 10 years and 9 months. Most of the multilingual children were born in Iceland (all except one) and had attended Icelandic preschools and primary schools. The multilingual children were included in the study because their parents spoke a language other than Icelandic at home. However, many of these multilingual children spoke Icelandic and English at home, in addition to their heritage language. A larger proportion of parents of monolingual children had attained university degree (74%) compared to parents of multilingual children (47%).

The results showed that multilingual children expressed themselves in significantly fewer sentences, used significantly fewer words, had a significantly less diverse vocabulary and had a significantly shorter mean length of utterance compared to their monolingual peers. They also made proportionally many more grammatical errors. Multilingual participants had a proportion of grammatical errors that was, on average, three standard deviations below the monolingual mean. As discussion topics, the children in both groups spoke about how moments of happiness were found in spending time with their families, but the monolingual children also mentioned personal achievements. Both groups discussed interactions with friends and siblings in relation to events that caused them anger, and they expressed pride in their personal achievements. School was a more frequent topic of discussion for multilingual children, both in terms of worries and significant matters. Many of the multilingual children had difficulties understanding the prompts in the stories and needed explanations, which was generally not the case for monolingual children. The findings suggest that multilingual children who have grown up in Iceland face significant challenges in recounting personal events from their daily lives in Icelandic, although the topics discussed are similar to those of their monolingual peers.

These findings indicate that the Global TALES protocol is effective for comparing personal narratives between monolingual and multilingual children in Iceland. In future studies it would be interesting to compare the language proficiency of multilingual children in their home language versus the community language, Icelandic.

Keywords: personal narratives, multilingualism, language development, Icelandic as a second language, primary school children

Um höfund

Jóhanna Thelma Einarsdóttir (jeinars@hi.is) er prófessor í talmeinafræði við Háskóla Íslands, bæði á Heilbrigðisvísindasviði og á Menntavísindasviði. Hún lauk doktorsprófi við læknadeild Háskóla Íslands árið 2009. Rannsóknir Jóhönnu hafa beinst að stami í

tali, bæði að mælingum og meðferð en einnig framvindu stams. Auk þess hefur Jóhanna skoðað máltöku barna, fjöltyngi, málþroskaröskun og komið að þróun málþroskaprófa fyrir börn. <https://orcid.org/0000-0001-8281-5331>

About the author

Jóhanna Thelma Einarsdóttir (jeinars@hi.is) is a Professor at the the School of Education and School of Health, University of Iceland. Jóhanna completed her PhD studies at the University of Iceland in 2009. Her research has focused on stuttering and measures and treatment of stuttering as well as general language acquisition, bilingual studies, developmental language disorders and the development of standardised language tests for children. <https://orcid.org/0000-0001-8281-5331>

Heimildir

- Auður Pálsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Örn Þórir Karlsson. (2024). Málnotkun fjöltyngra nemenda og tengsl við mat þeirra á eigin íslenskufærni. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2024/11>
- Bruner, J. (1990). *Acts of meaning*. Harvard University Press.
- Cabrera Pérez, R., Pratt, A. S., Sanabria, A. M. og Peña, E. D. (2025). When words shift: Age and language of elicitation influence syntagmatic-paradigmatic shifts in bilingual children. *Behavioral Sciences*, *15*(12), 1632. <https://doi.org/10.3390/bs15121632>
- Cattani, A., Abbot-Smith, K., Farag, R., Krott, A., Arreckx, F., Dennis, I. og Floccia, C. (2014). How much exposure to English is necessary for a bilingual toddler to perform like a monolingual peer in language tests? *International Journal of Language & Communication Disorders*, *49*(6), 649–671. <https://doi.org/10.1111/1460-6984.12082>
- Demie, F. (2013). English as an additional language pupils: How long does it take to acquire English fluency? *Language and Education*, *27*(1), 59–69. <https://doi.org/10.1080/09500782.2012.682580>
- Dunn, L. M. og Dunn L. M. (1997). *Peabody picture vocabulary test* (3. útgáfa). American Guidance Service.
- Ebert, K. D. (2020). Language sample analysis with bilingual children: Translating research to practice. *Topics in Language Disorders*, *40*(2), 182–201. <https://doi.org/10.1097/TLD.0000000000000209>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2008). Language-specific effects of task demands on the manifestation of specific language impairment: A comparison of English and Icelandic. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, *51*(4), 922–937. [https://doi.org/10.1044/1092-4388\(2008/068\)](https://doi.org/10.1044/1092-4388(2008/068))
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2011a). The relationship between bilingual exposure and vocabulary development. *International Journal of Bilingualism*, *15*(4), 426–445. <https://doi.org/10.1177/1367006911403202>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2011b). *Milli mála: Mat á íslensku sem öðru máli*. Framsaga.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2017). Are background variables good predictors of need for L2 assistance in school? Effects of age, L1 amount, and timing of exposure on Icelandic language and nonword repetition scores. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, *23*(4), 400–422. <https://doi.org/10.1080/13670050.2017.1358695>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2021). Adolescent language outcomes in a complex trilingual context: When typical does not mean unproblematic. *Journal of Communication Disorders*, *89*, 106060. <https://doi.org/10.1016/j.jcomdis.2020.106060>
- Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir. (2013). Icelandic as a second language: A longitudinal study of language knowledge and processing by school-age children. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, *16*(4), 411–435. <https://doi.org/10.1080/13670050.2012.693062>
- Erna Þráinsdóttir. (2022). *Segðu mér sögu: Persónulegar frásagnir tíu ára íslenskra barna* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/42881>

- Ferman, S. og Kavar, K. (2023). Tele-assessment of oral personal narratives in Arabic- and Hebrew-speaking children using the Global TALES protocol. *Folia Phoniatica et Logopaedica*, 75(6), 456–469. <https://doi.org/10.1159/000533833>
- Freeman, M. R. og Schroeder, S. R. (2022). Assessing language skills in bilingual children: Current trends in research and practice. *Journal of Child Science*, 12(1), e33–e46. <https://doi.org/10.1055/s-0042-1743575>
- Gagarina, N., Klop, D., Tsimpli, I. M. og Walters, J. (2016). Narrative abilities in bilingual children. *Applied Psycholinguistics*, 37(1), 11–17. <https://doi.org/10.1017/S0142716415000399>
- Gathercole, V. C. M. og Thomas, E. M. (2009). Bilingual first-language development: Dominant language takeover, threatened minority language take-up. *Bilingualism: Language and Cognition*, 12(2), 213–237. <https://doi.org/10.1017/S1366728909004015>
- Genesee, F. (2015). Myths about early childhood bilingualism. *Canadian Psychology / Psychologie Canadienne*, 56(1), 6–15. <https://doi.org/10.1037/a0038599>
- Gibson, T. A., Peña, E. D. og Bedore, L. M. (2018). The receptive-expressive gap in English narratives of Spanish-English bilingual children with and without language impairment. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 61(6), 1381–1392. https://doi.org/10.1044/2018_JSLHR-L-16-0432
- Hagstofa Íslands. (2025, 11. desember). *Innflytjendur 18,9% íbúa landsins*. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfoldi/mannfoldi-efrir-bakgrunni-1-januar-2025>
- Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.8>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2018). Orðaforði íslenskra barna frá 4 til 8 ára aldurs: Langtímarannsókn á vaxtarhraða og stöðugleika. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/15.pdf>
- Ingibjörg Símonardóttir og Einar Guðmundsson. (1996). *TOLD-I málþroskapróf; íslensk staðfærsla*. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Ingibjörg Símonardóttir, Einar Guðmundsson, Steingrímur Skúlason og Sigríður Pétursdóttir. (1995). *TOLD-P málþroskapróf; íslensk staðfærsla*. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Jóhanna T. Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2016). The predictive value of preschool language assessment on academic achievement: A 10-year longitudinal study of Icelandic children. *American Journal of Speech-Language Pathology*, 25(1), 67–79. https://doi.org/10.1044/2015_AJSLP-14-0184
- Jóhanna T. Einarsdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir. (2015). Málsýni leikskólabarna: Aldursbundin viðmið. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/010.pdf>
- Jóhanna T. Einarsdóttir og Stefán Carl Peiser. (2016). *Málgreinir: Greining og úrvinnsla á málsýnum*. <http://malgreinir.herokuapp.com/>
- Jóhanna T. Einarsdóttir og Erna Þráinsdóttir. (2023). Personal narratives of 10-year-old children in Iceland: Verbal productivity, word diversity, and topics. *Folia Phoniatica et Logopaedica*, 75(6), 372–381. <https://doi.org/10.1159/000533134>
- Koo, T. K. og Li, M. Y. (2016). A guideline of selecting and reporting intraclass correlation coefficients for reliability research. *Journal of Chiropractic Medicine*, 15(2), 155–163. <https://doi.org/10.1016/j.jcm.2016.02.012>
- Lloyd-Esenkaya, V., Russell, A. J. og Clair, M. C. S. (2020). What are the peer interaction strengths and difficulties in children with developmental language disorder? A systematic review. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 17(9), 3140. <https://doi.org/10.3390/ijerph17093140>
- Lyons, R., Antonijevic-Elliott, S., Barbotin, S., Molloy, M., O'Malley-Keighran, M. P. og Spelman, J. (2023). Feasibility of using the Global TALES protocol to elicit personal narratives in 10-year-old children in Ireland. *Folia Phoniatica et Logopaedica*, 75(6), 393–400. <https://doi.org/10.1159/000533140>
- Maviş, İ. og Yaşar-Gündüz, E. (2023). Evaluating the personal narrative skills of monolingual Turkish-speaking 7- and 10-year-old children with typical development through Global TALES: A pilot study. *Folia Phoniatica et Logopaedica*, 75(6), 382–392. <https://doi.org/10.1159/000533292>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Adalnamskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti: Greinasvið 2013*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2013/03/15/Adalnamskra-grunnskola-almennur-hluti-2011-greinasvid-2013/>

- Nippold, M. A., Hesketh, L. J., Duthie, J. K. og Mansfield, T. C. (2005). Conversational versus expository discourse. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 48(5), 1048–1064. [https://doi.org/10.1044/1092-4388\(2005/073\)](https://doi.org/10.1044/1092-4388(2005/073))
- OECD. (2025). *OECD economic surveys: Iceland 2025*. <https://doi.org/10.1787/890dbe05-en>
- Paradis, J. og Jia, R. (2017). Bilingual children's long-term outcomes in English as a second language: Language environment factors shape individual differences in catching up with monolinguals. *Developmental Science*, 20(1), e12433. <https://doi.org/10.1111/desc.12433>
- Peterson, C. og McCabe, A. (2013). *Developmental psycholinguistics: Three ways of looking at a child's narrative*. Springer Science & Business Media.
- Proctor, C. P. og Zhang-Wu, Q. (2019). Cross-linguistic relations among bilingual and biliterate learners. Í V. Grøver, P. Uccelli, M. L. Rowe og E. Lieven (ritstjórar), *Learning through language: Towards an educationally informed theory of language learning* (bls. 218–234). Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/9781316718537>
- Scheidnes, M. og Tuller, L. (2016). Assessing successive bilinguals in two languages: A longitudinal look at English-speaking children in France. *Journal of Communication Disorders*, 64, 45–61. <https://doi.org/10.1016/j.jcomdis.2016.10.001>
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Íslenskur orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Sérrið Netlu 2016 – Um læsi*. http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf
- Srivastava, V., Chan, A. og Westerveld, M. F. (2023). What do children in India talk about? Personal narratives of typically developing Hindi-speaking children. *Folia Phoniatrica et Logopaedica*, 75(6), 447–455. <https://doi.org/10.1159/000534298>
- Valgerður Ólafsdóttir. (2011). *Íslenskt orðskilningspróf fyrir fjögurra til átta ára börn: Þýðing og staðfærsla PPVT-4* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/7447>
- Westby, C. og Culatta, B. (2016). Telling tales: Personal event narratives and life stories. *Language, Speech, and Hearing Services in Schools*, 47(4), 260–282. https://doi.org/10.1044/2016_LSHSS-15-0073
- Westerveld, M., Nelson, N., Claessen, M., Lyons, R., Kwar, K., Kraljevic, J. K., Nordberg, A., Chen, K.-M., Fernandes, F. D. M. og Ehren, B. J. (e.d.) *Global TALES*. <https://osf.io/ztqg6/>
- Westerveld, M. F., Lyons, R., Nelson, N. W., Chen, K.-M., Claessen, M., Ferman, S., Gillon, G. T., Kwar, K., Kraljević, J. K., Petinou, K., Theodorou, E., Tumanova, T., Vogindroukas, I. og Westby, C. (2023). Correction: Global TALES feasibility study: Personal narratives in 10-year-old children around the world. *PLoS ONE*, 18(10), e0293705. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0293705>
- Þóra Másdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2021). *Málferni eldri leikskólabarna (MELB): Staðlað málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 4–6 ára*. Háskóli Íslands (námsleið í talmeinafræði); Heyrnar- og talmeinafræði Íslands.